



Fundargerð

200. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Héraðsdómur í máli HEF gegn LS
2. Innkomin erindi og fundargerðir
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:05

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Héraðsdómur í máli HEF gegn LS

Jón Jónsson hrl sat fundinn undir þessum lið og fór yfir Dóm E-9-2015 dags. 18.12.2015 Hitaveita Egilsstaða og Fella gegn Lánasjóði sveitarfélaga vegna lánsamnings nr 33/2007. Þá fór Jón yfir minnisblað dags 21. des. 2015 vegna dómsins.

Málið rätt og svöruðu Jón og Guðmundur fyrirspurnum ásamt að skýra nánar málavöxtu og forsendur. Jón yfirlag fundinn 12:59.

Borin upp tillaga um að áfría málinu til Hæstaréttar að fengnu samþykki Bæjarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

2. Innkomin erindi og fundargerðir, frestun frá fundi nr. 197

- a) Innkomið erindi frá Tölvuteymi ehf. dags 5. jan. 2016 varðar sérsamning um leigu á ljósleiðarapari til tengingar við Flugstöðina á Egilsstaðaflugvelli. Framkvæmdastjóri fór yfir málavöxtu. Karl og



Guðbjörg lístu vanhæfi og yfirláta fundinn undir þessum lið. Málið rætt og erindið borið upp og erindinu hafnað með tveim atkvæðum (GJ, GI) gegn einu (SB).

- b) Tíunda Norræna vatnsveituráðstefnan 2016 sem haldin verður í Reykjavík 28.-30. sept. 2016. Til kynningar.
- c) Bréf Samorku til Umhverfisstjórnar “Um störf nefndar um endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólþ”. Til kynningar.
- d) Fundargerð 219 stjórn Samorku – Til kynningar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram framvindu ljósleiðarverkefni hjá Tölvuteymi ehf. dags 5. janúar 2016.
- b) Framkvæmdastjóri fór yfir vatnsflóð og aðgerðir í tengslum við úrkomu og asahláku um daginn. Þá kynnti hann fund sem haldinn verður á eftir með þeim aðilum sem komu að þessum flóðamálum.
- c) Stefnt er á að ársreikningur verði kynntur stjórn um miðjan febrúar og aðalfundur gæti þá orðið í byrjun mars.
- d) Verið er að klára nauðsynlegt viðhald á ráðhúsinu. Fellaskóli hefur falast eftir plássi í ráðhúsinu til að leysa bráðan vanda þeirra fram á vorið.
- e) Bilun í kurlkyndistöðinni aðfaranótt mánudags.

4. Önnur mál

- a) Næsti fundur 27. janúar 2016

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:11.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson